

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Hornafjarðar Urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar



Dags eftirlits	24.6.2014	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Hornafjarðar	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbraut 27	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Birgir Árnason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	692965,529      428910,162

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Mikil vinna hefur farið fram við frágang á eldri hluta urðunarstaðarins og unnið hefur verið með kröfur og ábendingar frá fyrri eftirlitsferðum.

Þrjú frávik á starfsleyfi voru staðfest í eftirlitsferðinni; ólokið er framkvæmdum við hreinsivirkir, meðhöndlun á lífrænum úrgangi er ábótavant og rennslismælingar vantar. Ein athugasemd er gerð og varðar fokvarnir.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni 24.6.2014 var gengið um allan urðunarstaðinn, urðunarreinrar skoðaðar ásamt frágangi þar sem búið var að urða yfir.

Á fundi með fulltrúum rekstaraðila var farið yfir eftirlitsskýrslu sl. árs og eftirfylgni í kjölfar hennar. Einnig var farið yfir reglur um skráningu á móttöku úrgangs og annað sem lýtur að innra eftirliti í rekstri.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 3.3 í starfsleyfi þar sem segir að safna skuli öllu sigvatni frá urðunarstaðnum og leiða í gegnum hreinsivirkir	Ekki er búið að ganga frá hreinsivirkjum fyrir sigvatn. Skv. upplýsingum frá rekstaraðilum er unnið að frágangi á fráveituvirkjunum. Því til staðfestingar voru sýndar siturlagnir sem búið er að flytja á urðunarstaðinn og einnig lögð fram teikning sem send hefur verið Umhverfisstofnun til samþykktar
Grein 4.3. í starfsleyfi þar sem segir að daglega skuli byrgja urðunarrein með jarðvegi eða nótum sem komi í veg fyrir aðgang meindýra o.fl	Við urðunargryfju fyrir lífrænan úrgang var þekja ófullnægjandi og greinileg ummerki um að vargfugl komist í úrganginn
Grein 5.2 í starfsleyfi þar sem kemur fram að mánaðarlega skuli mæla ekki liggja fyrir skráningar þar um rennsli sigvatns við hreinsivirkir	Rennslismælingar hafa ekki farið fram á reglubundinn máta og ekki liggja fyrir skráningar þar um

## ATHUGASEMDIR

Nokkrum erfiðleikum er bundið að urða laust sorp án þess að fjúki, enda myndast vindstrengir í urðunargryfjUNNI. Ekki er mikið um úrgang í kringum svæðið, en þó þannig að tína þarf upp með reglubundnum hætti. Áform eru um að taka upp böggun á úrgangi, en með því móti er vonast til að dragi úr foki og einnig að urðunargryfjur nýttist betur en nú er.

## ANNAÐ

- Búið er að yfirfara girðingu umhverfis svæðið og gera hana fjárhelda.

- Frá seinustu skoðun hefur verið lögð fram neyðaráætlun, dags. móttöku 6.2.2014
- Áhættumat vegna bráðamengunar var lagt fram í október 2011
- Upplýsingar um magn úrgangs til urðunar 2013 hafa verið sendar með brefi dag. 5.6.2014
- Eldri hluti urðunarstaðarins hefur verið sléttat og grasi sáð í meginhluta hans.

Reykjavík, 12.09.2014



---

Helga Hreinsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.